

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndasvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 180. mál, með tölvupósti til samtakanna þann 7. mars 2016.

Geðhjálp hvetur Alþingi Íslendinga til að samþykkja þingsályktunartillöguna án tafar og leggja þar með sitt lóð á vogarskálarnar til mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi. Löngu er orðið tímabært að Íslendingar skipi sér í hóp 151 mannréttindaþjóðar af 157 aðildarþjóðum sammingsins til að fullgilda samninginn og stuðla þannig að bættum réttindum og þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að árangursríkara væri að byrja á því að innleiða einstök ákvæði sammingsins inn í íslenska löggjöf heldur en að fullgilda samninginn í heild sinni. Þar með væri betur tryggt að farið væri að ákvæðum sammingsins heldur en hægt væri að gera með prófmálum í kjölfar fullgildingar sammingsins eins og víða hefði orðið raunin í öðrum löndum.

Reynsla Geðhjálpar af því að taka þátt í vinnu við innleiðingu sammingsins inn í lögræðislög sýnir fram á annmarka þessarar leiðar. Gallar á borð við takmarkaðan skilning á hugmyndafræði og skort á sérfræðiþekkingu á svið mannréttinda innan viðkomandi ráðuneytis valda því að nýsamþykkt lögræðislög standast ekki ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra að fleiri en einu leyti.

Einna þýðingarmestu ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna gagnvart fólki með geðfötlun snúa að réttarstöðu til jafns við aðra, aðgangi að réttlæti, frelsi og mannhelgi og frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu, sbr. gr. 12 til 15.

Nýsamþykkt lögræðislög standast ekki ofangreind ákvæði sammingsins. Lögin ganga raunar þvert á ákvæði hans um rétt fatlaðra einstaklinga til gerhæfis til jafns við aðra, frelsi þeirra frá nauðung í meðferð sem og annari frelsisskerðingu eins og fram kemur í meðfylgjandi úttekt Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, mannréttindalögfræðings, fyrir Geðhjálp.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ver ekki aðeins grundvallarmannréttindi heldur einnig þjónusta við fatlað fólk. Óhætt er að segja að hann standi vörð um svokallaða batamiðaða nálgun á svið geðheilbrigðisþjónustu. Batamiðuð nálgun er víðtækt hugtak og felur m.a. í sér áherslu á persónuleg markmið og sjálfstætt líf. Rétturinn til sjálfstæðs lífs er varinn í 19. gr. samningsins um réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Eins og áður segir hvetur Geðhjálp til þess að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði samþykkt og Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fullgiltur án tafar. Með sama hætti eru stjórnvöld hvött til að halda áfram vinnu sinni við innleiðingu einstakra ákvæða samningsins inn í innlenda löggjöf með vönduðum hætti og eðlilegri aðkomu breiðs hóps notenda, hagsmunasamtaka og sérfræðinga á sviði mannréttinda fatlaðs fólks.

Fyrir hönd landssamtakanna Geðhjálpar,
Hrannar Jónsson, formaður.

